



KEPPNISSKILMÁLAR UM KYLFUBERA Á ÍSLANDBANKAMÓTARÖÐINNI 2017

Eftirfarandi skilmálar um kyfubera gilda í Íslandsbankamótaröð unglunga árið 2017 skv. reglu 33-1 og aths. við reglu 6-4. Þeir koma til viðbótar almennum keppnisskilmálum vegna GSÍ móta 2017.

Flokkar 15 – 16 ára og 17 – 18 ára

Kyfuberar eru óheimilir, nema með leyfi mótsstjórnar.

Víti fyrir brot á keppnisskilmála:

Höggleikur – Tvö högg fyrir hverja holu þar sem brotið átti sér stað; hámarksvíti í hverri umferð – Fjögur högg (tvö högg á holu á fyrstu tveimur holunum þar sem eitthvert brot átti sér stað).

Holukeppni – Við lok leiks um holu, þar sem brot hefur komið í ljós er leikstaðan leiðrétt með því að draga frá eina holu fyrir hverja holu þar sem brotið átti sér stað; hámarksvíti í hverri umferð – Tvær holur.

Ef brot uppgötvast á milli leiks um tvær holur telst það hafa uppgötvast við leik á næstu holu og vítinu er beitt samkvæmt því.

Kylfingur sem hefur kyfubera verður, strax og í ljós kemur að brot hafi verið framið, að tryggja að hann hafi ekki kyfubera það sem eftir er hinnar fyrirskipuðu umferðar. Að öðrum kosti sætir leikmaðurinn frávisun.

Flokkar 14 ára og yngri

Kyfuberar eru heimilir, sbr. 8. lið almennra keppnisskilmála GSÍ og golfreglu 6-4.

Athugið:

Kyfuberi má einungis bera/draga útbúnað leikmanns og veita honum ráð samkvæmt golfreglum. Önnur afskipti eru óheimil.

Kyfuberi skal aldrei hafa orð fyrir keppanda og skal halda öllum samskiptum við aðra keppendur í algjöru lágmarki. Kyfuberi og leikmaður hans geta að sjálfsögðu ráðfært sig hvor við annan um einstök atvik í ráshópnum á hófstílltan og lítið áberandi hátt, en það er ávallt kylfingur sem tjáir sig við aðra keppendur. Höfum það hugfast að golfleikur krefst mikillar einbeitingar og að minnsta áreiti getur komið keppanda úr jafnvægi.

Brot á framangreindu geta leitt til brottvikningar kyfubera eftir aðvörun dómara.